

BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Síðumúla 23 - 108 Reykjavík - Sími: 553 9155 - Bréfásmi 553 9177
Netfang: bi@press.is - Heimasiða: <http://www.press.is>



Blaðamannafélag Íslands fagnar fyrirætlunum stjórnvalda um að styðja við bakið á einkareknum fjölmíðlum og þakkar menntamálaráðherra fyrir frumkvæði sitt í þeim efnum og fyrir að hafa sett málið á dagskrá. Þetta er mikilvægt skref og nauðsynlegt við þær aðstæður sem ríkja varðandi upplýsingagjöf í samfélagi nútímans og þau skilyrði sem eru fyrir hendi á fjölmíðlamarkaði.

Félagið hefur um árabil lýst þeirri meginaskoðun sinni, bæði í samtölum við þingnefndir og í umsögnum um þingmál, að nauðsyn bæri til að stjórnvöld styðji við bakið á fjölmíðlum til þess að tryggja fjölbreytni og fjölræði á íslenskum fjölmíðlamarkaði. Öflugir og fjölbreyttir fjölmíðlar eru forsenda lýðræðislegrar samfélagsskipunar og frjórrar og ábyrgrar umræðu í samféluginu. Skilyrði til að stunda ábyrga fjölmíðlun hafa stórlega versnað á undanförnum árum og áratugum með vaxandi markaðsvæðingu, tæknibyltingum og alþjóðlegri samkeppni með tilheyrandi upplýsingamengun.

Blaðamannafélagið lítur á þessi frumvarpsdrög sem fyrsta skrefið í því að ríkisvaldið geri sitt til að skapa almenn og sanngjörn rekstrarskilyrði fyrir einkarekna fjölmíðla, skilyrði sem taki mið af því sem þekkist á hinum Norðurlöndunum. Auðvitað eru skiptar skoðanir um það hvernig best er að aðstoða fjölmíðla og tryggja lýðræðislega umræðu og hlutlæga upplýsingagjöf. Aðalatriðið í þeim efnum er að þeir fjármunir, sem varið er til þessa verkefnis nýtist sem mest og best fyrir vandaða fjölmíðlaumfjöllun með beinum hætti. Þannig verður lýðræðinu best þjónað. Félagið saknar þess að sjá ekki í frumvarpinu fyrirætlanir um beinan stuðning við rannsóknarblaðamennsku, til að mynda með svipuðum hætti og stutt er við bakið á listum í landinu með launasjóðum listamanna. Það er ódýr og beinskeytt leið til þess að tryggja lýðræðislegt aðhald í landinu. Einnig ber að gjalda varhug við fyrirætlunum um að ríkisvæða einkarekna fjölmíðla í of ríkum mæli. Eftir því sem úthlutunaraðferðin er hlutlausari er hún betri almennt talað og jafnræðið meira. Allt eru þetta álitaefni sem félagið mun fjalla um með ítarlegri hætti þegar frumvarpið kemur fram á Alþingi og verður til umfjöllunar í nefndum þess.

Virðingarfyllst
Hjálmar Jónsson, formaður BlÍ